



Árnesi, 14. október 2024

Verkfundur nr. 3 – íþróttamiðstöð í Árnesi

Mætt til fundar:

Haraldur Þór Jónsson oddviti, Sigurður Unnar Sigurðsson, Ingvar Þrándarson og Sylvía Karen Heimisdóttir

Haraldur Þór Jónsson ritaði fundinn. Fundur sett kl., 17:00.

1. Útboðsgögn fyrir iðnmeistara

Farið yfir drög að útboðsgögnum fyrir iðnmeistara. Gert er ráð fyrir að auglýsa útboð fyrir rafvirkjameistar, pípulagningameistara og múrarmeistara á næstu dögum.

2. Staðan á jarðvinnu

Búið er að leggja aðkomuveginn, moka fyrir bílaplaninu ásamt því að í þessari viku klárast að moka fyrir húsinu. Í framhaldi af því verður keyrt í púðann og planið. Jarðvegsskilyrði eru hagstæð og þegar búið er að moka moldinni ofaná hrauninu er ekki langt niður á hraunið.

3. Næstu útboð

Í vinnslu eru útboð sem þarf að klára til þess að hægt verði að byrja uppslátt á steypuvinnu í nóvember. Þjóða þarf út steypu, járn og einangrun. Sigurður Unnar tekur saman allar helstu magntölur sem þurfa að liggja fyrir í steypuvinnunni.

Fundi slitið kl. 18:00.

Haraldur Þór Jónsson
Sigurður Unnar Sigurðsson
Ingvar Þrándarson
Sylvía Karen Heimisdóttir

Undirritunarsíða

Haraldur Þór Jónsson

Sylvía Karen W. Heimisdóttir

Sigurður Unnar Sigurðsson

Ingvar Þrándarson